

30. tbl.
26. júlí. 2023
30 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Gæsadalur - Gæsagil

Ferðanefnd Bjarma stendur fyrir gönguferð mánudaginn 21. ágúst. kl 17:00. Göngufólk komi saman við bílastæðið á Víkurskarði og gengið verður norður Gæsadal, niður með Gæsagili og niður í gegnum Skuggabjargarskóg á móts við Skarð í Dalsmynni. Þar verða bílar til að ferja fólk til baka að bílastæðinu. Þetta er ekki mjög krefjandi ganga en talsverður bratti á kafla. Áætlaður tími 3 – 3,5 klst., vegalengd um 9 km.

Allir velkomnir

Frekari upplýsingar gefa Nanna s. 8626240 og Sigrún 8991010

Geymið auglýsinguna





Þingeyjarskóli og Reykjahlíðarskóli auglýsa lausar stöður

Umsóknafrestur um stöðurnar er til **25. júlí** og skal umsóknum skilað til viðkomandi skólastjóra. Umsóknarfrestur verður framlengdur ef þurfa þykir. Umsókn þarf að fylgja ferilskrá og afrit af leyfisbréfi ef við á. Gerð er krafa um hreint sakavottorð.

Þingeyjarskóli í Aðaldal er með um 100 nemendur á leik- og grunnskólaaldri, þar af rúmlega 30 leikskólanemendur á tveimur starfsstöðvum.

Við Þingeyjarskóla eru lausar stöður:

- Stuðningsfulltrúa við leikskóladeildina Barnaborg í 80-100% starf frá 1. ágúst 2023.
- Leikskólakennara/leikskólastarfsmanni við leikskóladeildina Barnaborg á Haftralæk í 100% starf frá 1. ágúst 2023.
- Leikskólakennara við leikskóladeildina Krílabæ á Laugum í 60-80% starf.

Möguleiki er á húsnæði á staðnum.

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson skólastjóri í síma 464358-0 /8990702 eða í gegnum netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is

Reykjahlíðarskóli í Mývatnssveit er með um 40 nemendur í 1.-10. bekk og tæplega 30 nemendur í leikskólanum Yl.

Við Reykjahlíðarskóla eru lausar stöður:

- Tónlistarkennari í 100 % starf (afleysing til eins árs)
- Umsjónarkennari á yngsta stig 100% starf (afleysing til eins árs)
- Íþróttakennari 80-100% starf (afleysing til eins árs)

Möguleiki á húsnæði á staðnum.

Nánari upplýsingar veitir Anna Sigríður Sveinbjörnsdóttir skólastjóri í síma 4644375 eða í gegnum netfangið anna@reykjahlidarskoli.is

Matráður Reykjahlíðarskóla

Laus er 100% staða matráðs við Reykjahlíðarskóla. Umsóknarfrestur til 25. júlí. Umsóknarfrestur verður framlengdur ef þarf.

Möguleiki á húsnæði á staðnum.

Nánari upplýsingar veitir Anna Sigríður Sveinbjörnsdóttir skólastjóri í síma 4644375 eða í gegnum netfangið anna@reykjahlidarskoli.is



Talning á ruslatunnum í Þingeyjarsveit

Í innleiðingu breytinga á innheimtu sveitarfélaga fyrir úrgangsmeðhöndlun mun fara fram talning á öllum ruslatunnum í sveitafélaginu.

Ég mun því vera á ferðinni um sveitafélagið næstu vikurnar og renna við til að skrá tunnurnar.

ef það eru einhverjar spurningar getið þið sent mér póst á hafrun.hlinadottir@thingeyjarsveit.is

Hafrún Huld Hlinadóttir



**ATH! Hlaupastelpan verður í sumarfrí
3 vikur í ágúst
frá 1.-18. ágúst.**

Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, veflestar vikur ársins, Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386



Þingeyjarsveit

Fundargerð 30. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn á Breiðumýri, fimmtudaginn 6. júlí 2023, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Gerður Sigtryggsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Árni Pétur Hilmarsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Úlla Árdal, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Eyþór Kári Ingólfsson, Arnór Benónýsson, Haraldur Bóasson og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að taka á dagskrá sem 17. dagskrárlið sumarleyfi sveitarstjórnar. Einnig óskaði oddviti eftir 2. dagskrárliður verði 18. liður á dagskrá fundarins.

1. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar - 2206003

Lagt fram bréf frá innviðaráðuneytinu þar sem ráðuneytið staðfestir breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar vegna tilkomu byggðaráðs.

Lagt fram

2. Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2022 - 2304036

Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2022 ásamt endurskoðunarskýrslu lagður fram til síðari umræðu. Vísað er til yfirferðar við fyrri umræðu þann 29. júní sl. Engar breytingar eru á ársreikningnum frá fyrri umræðu.

Til máls tóku:

Knútur Emil Jónasson, Arnór Benónýsson, Eyþór Kári Ingólfsson og Gerður Sigtryggsdóttir.

Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2022 samþykktur samhljóða og undirritaður.

Ábyrgðarskuldbindingayfirlit staðfest og undirritað. Ársreikningurinn verður birtur á heimasíðu sveitarfélagsins að fundi loknum.

Samþykkt

3. Sviðsstjóri umhverfis og framkvæmdasviðs - ráðning - 2306045

Auglýst var eftir sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs Þingeyjarsveitar í lok apríl sl. með umsóknarfresti til 7. júní sl.

Fjórar umsóknir bárust um starfið. Lagt var mat á framlögð umsóknargögn umsækjenda í samræmi við þær menntunar- og hæfniskröfur sem settar voru fram í auglýsingu. Við matið var stuðst við fyrir fram skilgreind viðmið og vægi. Til máls tók: Knútur Emil Jónasson.

Í framhaldi þess að sveitarstjórn hefur kynnt sér öll gögn málsins er lögð fram eftirfarandi tillaga: Sveitarstjórn samþykkir að ráða Ingimar Ingimarsson í starf sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs Þingeyjarsveitar. Ingimar er skróðgarðyrkjufraeðingur frá Landbúnaðarháskóla Íslands og með BA próf í opinberri stjórn-

sýslu frá Háskólanum á Bifröst.

Ingimar þekkir vel til verkefna sveitarfélaga m.a. í gegnum störf sín sem sveitarstjórnarmaður bæði fyrir Reykhólahrepp og Hafnarfjarðarbæ, kennari, garðyrkjuverktaki og í núverandi starfi sínu sem umhverfis- og garðyrkjustjóri Seltjarnarnesbæjar. Ingimar hefur einnig setið í fjölda nefnda gegnum störf sín sem sveitarstjórnarmaður.

Sveitarstjórn býður Ingimar velkominn til starfa fyrir Þingeyjarsveit.

4. Norðurorka - Erindi til eigenda Norðurorku hf. vegna fjármögnunar - 2306046

Lagt er fram erindi frá Norðurorku hf. þar sem óskað er eftir því að Þingeyjarsveit ásamt öðrum sveitarfélögum sem eiga hlut í Norðurorku, veiti einfalda ábyrgð sbr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, gagnvart lántöku félagsins að fjárhæð 800.000.000,- hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Ákvörðun um að veita einfalda ábyrgð, veðsetningu í tekjum til tryggingar ábyrgð og veiting umboðs til að undirrita lánasamning og taka að sér þær skuldbindingar sem greinir í lánsamningi vegna láns Norðurorku hf. frá Lánasjóði sveitarfélaga:

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Norðurorku hf. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 800.000.000, í samræmi við lánsúmsókn í vinnslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir. Þá hefur sveitarstjórnin kynnt sér gildandi græna umgjörð Lánasjóðs sveitarfélaga og samþykkir að ráðstöfun lánsins falli að henni.

Er lánið tekið til fjármögnunar á hitaveituframkvæmdum sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórnin skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Norðurorku hf. til að breyta ekki ákvæði samþykktar Norðurorku hf. sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Þingeyjarsveit selji eignarhlut í Norðurorku hf. til annarra opinberra aðila, skuldbindur Þingeyjarsveit sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Ragnheiði Jónu Ingimarsdóttur, kt. 0310665499, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Þingeyjarsveitar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Samþykkt

5. Kópaskerslína landbótasamningur - jarðstrengur - 2306042

Lagður er fram samningur milli Landsnets hf. og Þingeyjarsveitar um upp-
gjör fébóta á grundvelli 21. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, vegna kvaðar sem Lands-
net leggur á land undir helgunarsvæði Kópaskerslínu, 132 kV háspennujarðstrengs.
Þingeyjarsveit er þinglýstur 100% eigandi jarðarinnar Þeistareykja en Landsnet hf.
á nú í viðræðum við landeigendur vegna jarðstrengs Kópaskerslínu og helgunar-
svæðis hans. Heildarupphæð fébóta fyrir landnotin eru kr. 3.177.686,-

Til máls tók: Knútur Emil Jónasson.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi samning við Landsnet um fébætur fyrir kvöð
um helgunarsvæði Kópaskerslínu, 132kV háspennujarðstrengs og felur sveitar-
stjóra að undirrita samninginn f.h. sveitarfélagsins.

Samþykkt

6. Laugasel - umsögn sveitarstjórnar vegna sölu - 2306034

Tekin fyrir beiðni frá Matvælaráðuneytinu dags. 19. júní sl. um umsögn
vegna fyrirhugaðrar ráðstöfunar fasteignarinnar Laugasel, F2163950 skv. 1. málsl.
8. mgr. 10. gr. a jarðalaga nr. 81/2004. Afgreiðslu málsins var frestað á 28. fundi
sveitarstjórnar þann 22. júní sl.

Til máls tóku:

Jóna Björg Hlökkversdóttir, Knútur Emil Jónasson og Eypór Kári Ingólfsson.
Sveitastjórn vinnur nú að endurskoðun aðalskipulags þar sem landnotkun land-
búnaðarlands verður endurskilgreint í samræmi við auknar kröfur við skipulags-
gerð. Meðan á þessari vinnu stendur frestar sveitarstjórn afgreiðslu málsins.
Sveitarstjóra er falið að svara matvælaráðuneytinu.

Samþykkt

7. Verklagsreglur leikskóla Þingeyjarsveitar - 2304024

Lögð fram drög að verklagsreglum leikskóla Þingeyjarsveitar. Málið var
áður tekið fyrir þann 22. júní sl. en var afgreiðslu frestað.

Til máls tóku: Knútur Emil Jónasson og Arnór Benónýsson.

Sveitarstjórn samþykkir framlög drög með áorðnum breytingum og felur verkefna-
stjóra fjölskyldumála að kynna verklagsreglurnar fyrir skólustjórnendum og birta
þær á heimasíðu sveitarfélagsins.

Samþykkt

8. Endurheimt votlendis á Norðurlandi eystra - umsögn - 2306035

Lögð er fram til kynningar og umsagnar skýrsla SSNE um Endurheimt vot-
lendis á Norðurlandi eystra.

Til máls tóku: Jóna Björg Hlökkversdóttir.

Sveitarstjórn vísar skýrslunni til umhverfisnefndar til umsagnar.

Samþykkt

9. Brúin yfir Skjálfandaflijtót vegur 85 - 2304015

Á 23. fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar var lögð fram bókun vegna
ástands á brú yfir Skjálfandaflijtót á vegi 85. Sveitarstjórn hafði óskað eftir undan-

þágu fyrir skólaakstur yfir brúna bæði við Vegagerðina og ráðuneytið. Sveitarstjórn hefur borist svar frá ráðuneytinu og er það lagt fram til kynningar.

Til máls tóku: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir og Arnór Benónýsson.

Lagt fram

Halldór Þorlákur og Ragnhildur Hólm véku af fundi kl. 13:44

10. Mýsköpun - hluthafasamkomulag - 2307001

Lagt er fram til samþykktar, hluthafasamkomulag vegna Mýsköpunar ehf. en samkomulagið er gert í framhaldi af aðkomu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins að félaginu. Til máls tóku: Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir og Halldór Þorlákur Sigurðsson vöktu athygli á mögulegt vanhæfi. Sveitarstjórn samþykkti vanhæfið með 7 atkvæðum, Ragnhildur Hólm og Halldór Þorlákur sátu hjá.

Sveitarstjórn samþykkir hluthafasamkomulag hluthafa Mýsköpunar ehf. og felur sveitarstjóra að undirrita samkomulagið fyrir hönd sveitarfélagsins.

Samþykkt

Halldór Þorlákur og Ragnhildur Hólm komu aftur til fundar kl. 13:46

11. Staða skjalastjórnunar júní 2023 - 2304033

Lögð fram til kynningar greinargerð um stöðu á skjalastjórnun Þingeyjar-sveitar sem unnin var af Ölfu Kristjánsdóttur hjá Skipulag og skjöl

Til máls tóku: Jóna Björg Hlökkversdóttir og Gerður Sigtryggsdóttir.

Lagt fram

12. Samgönguáætlun 2023-2038 - 2307007

Drög að samgönguáætlun 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 er nú til kynningar og umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Hægt er að senda inn umsögn um áætlunina til 31.júlí nk.

Til máls tóku. Jóna Björg Hlökkversdóttir, Arnór Benónýsson, Gerður Sigtryggsdóttir og Eypór Kári Ingólfsson.

Í upphafi árs 2020 kynnti ríkisstjórnin áttak í fækkun einbreiðra brúa og var áformað að verja aukalega 3.300 m.kr. til að breikka einbreiðar brýr á tveim árum. Átti þetta áttak að bæta við fjárveitingar á samgönguáætlun. Á lista yfir einbreiðar brýr sem átti að breikka á þessum tíma var brúin yfir Skjálfafljót á hringvegi hjá Fosshóli við Goðafoss. Ekkert er farið að bóla á þessum framkvæmdum og í þeim drögum sem liggja nú frammi í Samráðsgátt stjórnvalda er áður nefnd brú á öðru tímabili áætlunarinnar eða á árunum 2029-2033. Sama má segja um brú á Jökulsá á Fjöllum í núgildandi samgönguáætlun er hún á öðru tímabili eða á árunum 2025-2029 en í áður nefndum drögum er hún á þriðja tímabili eða á árunum 2029-2038. Stjórnvöld hafa lagt áherslu á fækkun einbreiðra brúa á hringvegi 1 vekur því undrun að þessar tvær brýr sem eru í mjög slæmu ástandi séu færðar aftur í drögum að samgönguáætlun. Brú á Norðausturvegi nr. 85 yfir Skjálfafljót er í núgildandi áætlun á öðru tímabili eða á árunum 2025-2029. Í drögum að samgönguáætlun er hún á árunum 2026-2028. Bárðardalsvegur vestri frá hringvegi að Öxará er á fyrsta tímabili á árunum 2024-2026, Öxará að Sprengisandi er á þriðja og fjórða tímabili frá 2029-2038.

Sveitarstjórn telur seinkun á mikilvægum framkvæmdum í sveitarfélaginu ó-ásættanlega og felur sveitarstjóra að gera drög að umsögn um samgönguáætlun og leggja fyrir sveitarstjórn. Einnig felur sveitarstjórn sveitarstjóra að boða til fundar með þingmönnum kjördæmisins til að fara yfir málefni sveitarfélagsins þ.á.m. vegaf framkvæmdir.

Samþykkt

13. Forgangsverkefni áfangastaðaáætlunar Norðurlands - 2307008

Lagt fram bréf frá Markaðsstofu Norðurlands frá 19. júní sl. þar sem fram kemur að árið 2018 hafi verið fyrst gerð áfangastaðaáætlun fyrir Norðurland þar sem unnið var stöðumat ásamt forgangsröðun verkefna, hefur sú áætlun veið uppfærð tvisvar. Nú er hafin vinna við gerð nýrrar þriggja ára áætlunar og óskað er eftir því við Þingeyjarsveit að forgangsraða fimm mikilvægustu uppbyggingarverkefnum í sveitarfélaginu á næsta ári. Skilafrestur er til 1. september nk.

Til máls tóku: Jóna Björg Hlökkversdóttir og Knútur Emil Jónasson Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kalla eftir umsögn frá Mývatnsstofu ehf. um forgangsröðun verkefna á áfangastaðaáætlun.

Samþykkt

Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir vék af fundi kl. 14:07

14. Mývatnsstofa- þjónustusamningur - 2307009

Lögð fram drög að endurnýjuðum þjónustusamningi við Mývatnsstofu ehf.

Til máls tóku:

Úlla Árdal vakti athygli á mögulegu vanhæfi sem starfsmaður Mývatnsstofu. Sveitarstjórn taldi Úllu ekki vanhæfa til afgreiðslu málsins. Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir vakti athygli á mögulegu vanhæfi, sveitarstjórn taldi Ragnhildi Hólm vanhæfa til afgreiðslu málsins. Arnór Benónýsson vakti athygli á mögulegu vanhæfi sem stjórnarmaður í Mývatnsstofu. Sveitarstjórn taldi Arnór ekki vanhæfan til afgreiðslu málsins. Einnig tóku til máls Knútur Emil Jónasson og Gerður Sigtryggsdóttir. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að þjónustusamningi við Mývatnsstofu. Í fjárhagsáætlun ársins er gert ráð fyrir fjárframlagi til Mývatnsstofu. Nýr þjónustusamningur felur í sér hækkun að upphæð 1,5 millj. frá núgildandi fjárhagsáætlun. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að leggja fram viðauka við fjárhagsáætlun 2023 að upphæð 1,5 millj. kr. sem fjármagnaður verður af handbæru fé.

Samþykkt

Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir kom aftur til fundar kl. 14:10

15. Stjórn Norðurorku - fundargerðir - 2305038

Lögð fram til kynningar fundargerð 287. fundar stjórnar Norðurorku.

Lagt fram

16. Fundir stjórnar SSNE 2022-2026 - 2209048

Lögð fram til kynningar fundagerð 53. fundar stjórnar SSNE ásamt kynningu á Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Lagt fram

17. Sumarleyfi sveitarstjórnar 2023 - 2307015

Lagt er til að fundir sveitarstjórnar falli niður í júlí vegna sumarleyfa. Fyrsti fundur eftir sumarleyfi verði 24. ágúst.

Sveitarstjórn verður í sumarleyfi frá 7. júlí til 24. ágúst.

Samþykkt

18. Byggðarráð - 2305033

Í ljósi samþykktar innviðaráðuneytisins um breytingu á samþykktum um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar er kosið í byggðarráð til eins árs.

Lögð er fram tillaga um að aðalmenn í byggðaráði til eins árs verði:

Gerður Sigtryggsdóttir formaður ,Knútur Emil Jónasson varaformaður ,
Jóna Björg Hlöðversdóttir

Lögð er fram tillaga um að varamenn í byggðarráði til eins árs verði:

Eyþór Kári Ingólfsson ,Haraldur Bóasson ,Arnór Benónýsson

Samþykkt

Fundi slitið kl. 14:30.



Þingeyjarsveit

Færslugámar fyrir járn og timbur

Gámar fyrir járn og timbur verða staðsettir á eftirtöldum stöðum:

Við Laxárvirkjun 20. -27. júlí

Við Félagsheimilið Breiðumýri 27. júlí til 3. ágúst

Íbúar eru hvattir til að huga að góðri nýtingu á gámunum með því að rúmmálsminka úrgang og raða í gámana eins og kostur er.



Vilt þú taka þátt í að byggja upp kröftuga og faglega stjórnslu í ný sameinuðu sveitarfélagi?

Þingeyjarsveit leitar að drifandi og metnaðarfullum einstaklingi til að leiða nýtt fjármála- og stjórnslusviðs sveitarfélagsins. Leitað er að einstaklingi sem hefur frumkvæði og aðlögunarhæfni að síbreytilegum aðstæðum og fjölbreyttum verkefnum. Sviðsstjóri heyrir beint undir sveitarstjóra og er staðgengill hans. Sviðið er stoðsvið fyrir önnur svið og stofnanir sveitarfélagsins. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnslusviðs ber ábyrgð á daglegri starfsemi sviðsins, fjárhagslegum rekstri sveitarfélagsins ásamt mannauðsmálum í samvinnu við stjórnendur, sem og að vera leiðandi í stefnumótun í stjórnslu sveitarfélagsins.

Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafi störf sem fyrst.

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Umsóknarfrestur er til og með 15. ágúst.

Sótt er um starfið á www.mognum.is.

Leiguíbúðir Þingeyjarsveitar hses.

auglýsa til umsóknar íbúð í almenna íbúðaleigukerfinu.

Um er að ræða þriggja herbergja íbúð, um 80 m² að stærð, við Melgötu 6b við Stórutjarnaskóla.

Um byggingu og útleigu íbúðanna gilda lög um almennar íbúðir nr. 52/2016.

Leigist íbúðin ekki út skv. reglum um almennar íbúðir er heimilt að leigja hana út á almennum markaði. Leigusamningur er þá gerður til eins árs í senn.

Umsóknarfrestur er til og með 28. júlí.

Umsóknareyðublað ásamt frekari upplýsingum er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar www.thingeyjarsveit.is

Starfsmaður félagsstarfs eldri borgara



Auglýst eru störf við félagsstarf eldri borgara í Þingeyjarsveit. Um er að ræða skipulag, undirbúningur og umsjón á samverustundum eldri borgara. Samverustundir eru tvisvar í viku, annarsvegar í Mývatnssveit og hins vegar til skiptis í Þingeyjarskóla og Stórutjarnaskóla.

Störfin sem um ræðir eru:

20 - 25% starf við félagsstarf eldri borgara í Mývatnssveit
tvö 20 - 25% störf við félagsstarf eldri borgara í Þingeyjar-/
Stórutjarnaskóla

Allar frekari upplýsingar veitir verkefnastjóri fjölskyldumála, Ásta F. Flosadóttir á netfangið: asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is.

Störfin henta öllum kynjum og eru áhugasamir einstaklingar hvattir til að sækja um, óháð kyni.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 16. ágúst. Skila skal umsóknum á skrifstofur Þingeyjarsveitar, eða á netfangið umsokn@thingeyjarsveit.is



Sumarlokun skrifstofu Þingeyjarsveitar.

Skrifstofur Þingeyjarsveitar eru lokaðar vegna sumarleyfa starfsfólks sem hér segir:

Skrifstofa Þingeyjarsveitar í Kjarna Laugum frá 31. júlí til 7. ágúst.

Skrifstofa Þingeyjarsveitar í Reykjahlíð frá 10. júlí til 7. ágúst.

Á heimasíðu Þingeyjarsveitar má finna upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins og netföng starfsfólks.

Hægt er að senda inn erindi á thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is og verður því svarað eins fljótt og auðið er.

Bent er á ef erindið er brýnt og þolir ekki bið er hægt að hafa samband við sveitarstjóra í síma 862 2277 eða oddvita í síma 892 5211.

Sumarkveðjur frá starfsfólki skrifstofu Þingeyjarsveitar.



Vilt þú taka þátt í að byggja upp kröftuga og faglega stjórnarsýslu í ný sameinuðu sveitarfélagi?

Þingeyjarsveit leitar að drífandi og metnaðarfullum einstaklingi til að leiða nýtt fjármála- og stjórnarsýslusviðs sveitarfélagsins. Leitað er að einstaklingi sem hefur frumkvæði og aðlögunarhæfni að síbreytilegum aðstæðum og fjölbreyttum verkefnum. Sviðsstjóri heyrir beint undir sveitarstjóra og er staðgengill hans. Sviðið er stoðsvið fyrir önnur svið og stofnanir sveitarfélagsins. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnarsýslusviðs ber ábyrgð á daglegri starfsemi sviðsins, fjárhagslegum rekstri sveitarfélagsins ásamt mannauðsmálum í samvinnu við stjórnendur, sem og að vera leiðandi í stefnumótun í stjórnarsýslu sveitarfélagsins.

Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafi störf sem fyrst.

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Umsóknarfrestur er til og með 15. ágúst.

Sótt er um starfið á www.mognum.is.